

# Solid Clouds hf.: Niðurstöður hluthafafundar 14. febrúar 2024 og fyrirhugað hlutafjárútboð

**Hluthafafundur Solid Clouds hf. („Solid Clouds“) var haldinn miðvikudaginn 14. febrúar 2024 kl. 16:00 á skrifstofu félagsins að Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnesi. Meðfylgjandi er samantekt á niðurstöðu fundarins.**

## Stjórn nýtir heimild til hlutafjárútkningar

Á fundi sínum í dag ákvað stjórn Solid Clouds að nýta þá heimild sem hluthafafundur 14. febrúar 2024 veitti henni til að hækka hlutafé félagsins um 110.000.000 hluti til efnda á bindandi áskriftarloforðum.

Jafnframt ákvað stjórn Solid Clouds að nýta þá heimild sem hluthafafundur 14. febrúar 2024 veitti henni til að hækka hlutafé félagsins um allt að 190.000.000 hluti. Hlutafjárhækkunin mun fara fram á grundvelli almenns hlutafjárútboðs til að safna áskriftum að hinum nýju hlutum þar sem hluthafar Solid Clouds njóta forgangs að hinum nýju hlutum, en að forgangsrétti frágengnum verða hinir nýju hlutir boðnir almennum fjárfestum í almennu útboði sem fram fer samhliða forgangsréttarútboðinu.

## Forgangsréttar- og almennt hlutafjárútboð 16. til 20 febrúar 2024

Forgangsréttar- og almennt útboð á nýjum hlutum í Solid Clouds hefst kl. 10:00, föstudaginn 16. febrúar 2024 og lýkur kl. 16:00 þriðjudaginn 20. febrúar 2024.

Í útboðinu eru boðnir til sölu að lágmarki 90.000.000 nýir hlutir í Solid Clouds. Gefi eftirspurn tilefni til, hefur útgefandi heimild til að fjölga seldum hlutum í útboðinu um allt að 100.000.000 hluti, þannig að fjöldi seldra hluta muni samtals verða allt að 190.000.000.

Allir hlutir í útboðinu verða seldir á sama útboðsgengi, 2 kr. á hlut. Engin lágmarksfjárhæð er á áskriftum í forgangsréttarútboðinu. Í almenna útboðinu skal hver fjárfestir skrifa sig fyrir nýjum hlutum fyrir að lágmarki 100.000 kr. að heildarkaupverði. Úthlutun til fjárfesta í almenna útboðinu er hins vegar háð því að áskrift hafi ekki fengist að öllum hinum nýju hlutum í forgangsréttarútboðinu. Af þeim sökum mun úthlutun í almenna útboðinu eiga sér stað eftir að úthlutun í forgangsréttarhluta útboðsins lýkur og er athygli fjárfesta vakin á því að nýti forgangsréttarhafar forgangsrétt sinn til hins nýja hlutafjár að fullu kemur ekki til úthlutunar í almenna útboðinu.

Solid Clouds býður til opins kynningarfundar í tengslum við fyrirhugað hlutafjárútboð á föstudaginn 16. febrúar kl. 10:00. Vefstreymið verður aðgengilegt á vefsíðu Solid Clouds, [www.solidclouds.com](http://www.solidclouds.com) og á vef umsjónaraðila [www.arctica.is/solidclouds-utbod](http://www.arctica.is/solidclouds-utbod).

Tekið verður við áskriftum á útboðstímabilinu á eftirfarandi vefsíðu: [www.arctica.is/solidclouds-utbod](http://www.arctica.is/solidclouds-utbod)

Hlekkur á áskriftarvefinn verður aðgengilegur í gegnum vefsíðu umsjónaraðila, Arctica Finance hf., [www.arctica.is](http://www.arctica.is) og á vefsíðu Solid Clouds, [www.solidclouds.com](http://www.solidclouds.com).

**Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er skuldbindandi.** Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutum í Solid Clouds eru fjárfestar hvattir til að kynna sér upplýsingar um Solid Clouds og skilmála útboðsins sem dagsettir eru 14. febrúar 2024. Nánari upplýsingar má finna í skilmálum útboðsins á vefsíðu félagsins [www.solidclouds.com](http://www.solidclouds.com) eða á vef umsjónaraðila [www.arctica.is/solidclouds-utbod](http://www.arctica.is/solidclouds-utbod).

Útboðið er undanþegið gerð lýsingar, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

#### Arctica Finance hefur umsjón með útboðinu.

Fyrirtækjaráðgjöf Arctica Finance  
Sími: 513-3300  
[solidclouds@arctica.is](mailto:solidclouds@arctica.is)

#### Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við

#### Fjárfestatengsl:

Stefán Þór Björnsson  
[stefanbjo@solidclouds.com](mailto:stefanbjo@solidclouds.com)

#### Viðhengi

[Solid Clouds hf.: Niðurstöður hluthafafundar 14. febrúar 2024 og fyrirhugað hlutafjárútboð](#)  
[Solid Clouds Hluthafafundur Fundargerð 14 2 2023](#)